VERÐ Í LAUSASÖLU KR. 80

# unglinga sport

1

1. ÁRG. — LAUGARD. 25. APRÍL 1987 — 1. TBL.

## Fjallar um allar íþróttir unglinga!



Rúnar Kristinsson KR er bjartsýnn á leikinn gegn Dönum í knattspyrnu á þriðjudag. BLS. 23.



Frá Unglingameistaramóti Kópavogs í karate. BLS. 24—25.




Frá Íslandsmótinu í körfubolta: Leikur ÍBK og Hauka í 3. fl. MYNDIN: Egill Viðarsson (9) ÍBK hindrar körfuskot Haraldar Sæmundssonar (6) Haukum. SJÁ BLS. 12.

GEIR HALLSTEINSSON:

## „Getum unnið"

BLS. 15, 16, 17.

GUÐNI KJARTANSSON:

## Leikfimi í grunnskólum.

BLS. 4—5.

ÍSLANDSMÓT FATLAÐRA Í KEFLAVÍK. — BLS. 28—29.

## Reykjavíkurmótið í knattspyrnu.

— BLS. 6—7.



Frá Reykjavíkurmóti grunnskóla í skák. Héðinn Steingrímsson, teflir hér við hina 14 ára Guðfríði Lilju Grétarsdóttir. BLS. 26—27.

# Fyrsta karatemeistaramót Kópavogs tókst mjög vel

Laugardaginn 21. mars sl. var haldið fyrsta Kópavogsmeistaramótið í karate. Keppenlur voru um 30 frá báðum Kópavogsfélögunum, Gerplu og Breiðabliki.

Karate á vaxandi fylgi að fagna sem íþróttagrein hér á landi, og á það einnig við um Kópavog, en þar er öflugt karatelíf. Aðeins í Reykjavík eru jafn mörg karatefélög og í Kópavogi.

Keppt var í fjórum kata-greinum og þremur kumite-greinum, en kata er einstaklingssýning á ýmsum karatehreyfingum, sem eru dæmdar með tilliti til tækni, krafts, einbeitni, snerpu, hraða, fegurðar, útfærslu og margra annarra þátta sem of langt mál yrði að útskýra hér. Kumite er bardagaform karate, en þar reyna tveir keppendur að koma höggi eða sparki á hvorn annan, þó þannig að meiða ekki andstæðinginn, jafnframt reyna þeir að víkja sér undan eða verja atlögur andstæðingsins.



Karl Gauti Hjaltason form. Karatesambands Íslands segir okkur það helsta sem gerðist á Karatemeistaramóti Kópavogs. Hann mun framvegis vera með Karateþætti í Unglinga SPORT.

**Gerpla með alla keppendur í yngsta flokknum.**

**KATA 10 ÁRA OG YNGRI.**

| | | |
|---|---|---|
| 1 Steindór E. Sigurðss. | Gerplu | 19 stig |
| 2 Friðrik U. Arinbjörnss. | Gerplu | 16 stig |
| 3 Árni Pétur Maack | Gerplu | 15 stig |
| 4 Grétar Örn Sigurðsson | Gerplu | 13 stig |
| 5 Baldur G. Bragason | Gerplu | 10 stig |

**KUMITE 10 ÁRA OG YNGRI**

| | |
|---|---|
| 1 Steindór E. Sigurðss. | Gerplu |
| 2 Baldur G. Bragason | Gerplu |
| 3 Árni P. Maack | Gerplu |
| 4 Grétar Örn Sigurðss. | Gerplu |
| 5 Baldur G. Bragason Gerplu | |

Steindór sigraði í báðum flokkum og var hann eini keppandinn á mótinu sem gerði það.

Í kumite sigraði hann fyrst Friðrik 5-1, síðan Grétar 3-0 og loks Baldur 6-0. Baldur hafði áður sigrað Árna 3-1.

Í úrslitum um 3ja sætið bar Árni hærri hlut gegn Grétari 3-0.

**KATA 11—12 ÁRA.**

Breiðablik sigraði í þessari grein þrefalt, en þeir sendu alls 9 keppendur í þennan flokk. Það er því greinilegt að aldursmunur er á keppendum í þessum tveimur félögum.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | Kolbeinn Stefánsson | UBK | 23 stig |
| 2 | Arnþór Guðmunds. | UBK | 20 stig |
| 3 | Bjarki Friðriksson | UBK | 19 stig |
| 4-5 | Eyjólfur Kristinsson | Gerplu | 16 stig |
| 4-5 | Ágúst Magnússon | Gerplu | 16 stig |
| 6-7 | Guðmar Aubertsson | UBK | 15 stig |
| 6-7 | Jón Þór Jónsson | UBK | 15 stig |
| 8 | Atli Már Ingason | UBK | 12 stig |
| 9 | Viðar Kárason | UBK | 11 stig |
| 10 | Kristján Sveinbjörnss. | UBK | 10 stig |
| 11 | Hilmar Jónsson | UBK | féll út |

Kolbeinn Stefánsson sýndi mikla yfirburði í þessum flokki, en hann fékk hæstu einkunn sem gefin var á mótinu eða 23 stig fyrir kata sem hann sýndi stórvel og er sannarlega-uppreunandi katamaður.

**KATA 13 og 14 ára.**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | Birgir Jónsson | Gerplu | 20 stig |
| 2 | Hróbjartur Róbertss. | UBK | 19 stig |
| 3 | Ragnar De Santo | Gerplu | 18 stig |
| 4 | Pétur Aðalsteinsson | UBK | 16 stig |
| 5 | Þórður Sturluson | UBK | 15 stig |
| 6 | Ólafur E. Stefánss. | UBK | 14 stig |
| 7 | Kristján Guðnason | Gerplu | féll úr. |

Í þessum flokki var mikil keppni milli félaganna og fór að lokum svo að Gerpla bar sigur úr bítum og var það Birgir Jónsson sem hreppti gullið eftir aukaumferð um fyrsta sætið.

**Kata 15 og 16 ára.**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | Magnús Eyjólfsson | Gerplu | 19 stig |
| 2 | Matthías Friðrikss. | UBK | 18 stig |
| 3 | Júlíus Pálsson | UBK | 15 stig |

Unglingameistarinn 1987, Magnús Eyjólfsson úr Gerplu sigraði hinn stórefnilega kumitemann úr Breiðabliki í kata, en Matti hefur komið mikið á óvart undanfarna mánuði fyrir mikla snilli í kumite.

**UBK með einvalalið.**

Óhætt er að segja að Breiðablik hafi á einu allra sterkasta kumiteliði landsins að skipa í yngri aldursflokkunum, enda kom það í ljós á nýafstöðnu unglingameistarmóti í febrúar, þar sem þeir sópuðu til sín verðlaununum. Hér varð engin breyting á, Breiðablik vann öll verðlaun í flokki 11—13 ára og tvö af þremur í flokki 14—16 ára.

**KUMITE 11—13 ára.**

| | |
|---|---|
| 1. Bjarki Friðriksson | UBK |
| 2. Guðmar Auðbertsson | UBK |
| 3. Hróbjartur Róbertsson | UBK |
| 4. Birgir Jónsson | Gerplu |
| 5-8. Viðar Kárason | UBK |
| 5-8. Eyjólfur Kristinsson | Gerplu |
| 5.-8. Atli Már Ingason | UBK |
| 5-8. Kolbeinn Steinþórsson | UBK |



**Þátttakendur í Karatemeistaramóti Kópavogs. — US-mynd HH.**

| | |
|---|---|
| 9-12. Jón Þór Jónsson | UBK |
| 9-12. Arnþór Guðmundsson | UBK |
| 9-12. Hilmar Jónsson | UBK |
| 9-12. Kristján Sveinbjörnsson | UBK |

**1. umferð.**
Hróbjartur-Jón Þór 3-0
Bjarki-Arnþór 5-0
Atli Már-Hilmar 2-1
Kristján-Kolbeinn 0-0
Kolbeini dæmdur sigur.

**2. umferð.**
Hróbjartur-Viðar 6-0
Bjarki-Eyjólfur 4-2
Guðmar-Atli Már 6-4
Birgir-Kolbeinn 3-0

**Undanúrslit.**
Bjarki-Hróbjartur 7-3
Guðmar-Birgir 2-2
Birgi dæmdur sigurinn.

**Úrslit um 3ja sætið.**
Hróbjartur-Birgir 2-0

**Úrslit um 1. sætið.**
Bjarki-Guðmar 5-4

Bjarki sigraði glæsilega og það þrátt fyrir það að hann er einn allra minnstur keppendanna. Ótrúlegt hvað svo ungir keppendur geta sýnt góða tækni.

**Kumite 14-16. ára.**

| | |
|---|---|
| 1. Matthías Friðriksson | UBK |
| 2. Júlíus Pálsson | UBK |
| 3. Magnús Eyjólfsson | Gerplu |
| 4. Guðmundur Jónsson | UBK |
| 5.-6. Ólafur Stefánsson | UBK |
| 5.—6. Pétur Aðalsteinsson | UBK |
| 7-8. Arnar Sigurðsson | Gerplu |
| 7-8. Ragnar De Santos | Gerplu |

Matthías sigraði léttilega þennann flokk, en Matthías er nú nýlega farinn að æfa með landsliðinu, en hann er einn sá yngsti sem það hefur gert frá upphafi.

**1. umferð.**
Arnar-Ólafur 2-2
Ólafi dæmdur sigurinn
Ragnar-Magnús 1-5

**2. umferð.**
Ólafur-Guðmundur 0-0
Guðmundi dæmdur sigurinn.
Magnús-Pétur 0-0
Magnúsi dæmdur sigur.

**Undanúrslit.**
Guðmundur-Júlíus 1-1
Júlíusi dæmdur sigur
Magnús-Matthías 0-2

**Úrslit um 3ja sætið.**
Magnús-Guðmundur 1-1
Magnúsi dæmt 3ja sætið.

**Úrslit um 1. sætið.**
Matthías-Júlíus 5-0

Dómarar voru, Karl Gauti Hjaltason, Gerplu, Ævar Þorsteinsson, UBK og Gísli Pálsson, UBK.

-KGH.



**Kumite undir 10 ára frá v.: 3. sæti: Árni P. Maack Gerplu, 2. sæti: Baldur Bragason Gerplu, 1. sæti: Steindór Sigurðsson Gerplu.**



**Kumite 11—13 ára frá v.: 3. sæti: Hróbjartur Róbertsson UBK, 2. sæti: Guðmar Aubertsson UBK, 1. sæti: Bjarki Friðriksson UBK.**



**Fyrstu þrír í Kumite 14—16 ára. Frá v.: 3. sæti: Magnús Eyjólfsson Gerplu, 2. sæti: Júlíus Pálsson UBK, 1. sæti: Matthías Friðriksson UBK.**